



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Pétur Ingi Haraldsson
Árnesi
801 Selfoss

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsini við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr.	00 K/S 16.2.18
Ábm.	Svfr.
Afgr.	Bréf () St.
Lvm.	Trm.

Mál nr. 3

Reykjavík 9. febrúar 2018
Tilv.: FOR18010105/9.1.6

Forsætisráðuneytið vísar til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs., frá 11. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og tillögu að deliskipulagi fyrir Reykholt í Þjórsárdal, sem liggar innan þjóðlendu.

Þjórsárdalur er á mörkum miðhálendislínunnar svokölluðu og rétt að taka mið af stefnumörkun um mannvirki á miðhálendinu, sem er að finna í þingsályktun um landsskipulagsstefnu, samþykktri á Alþingi 16. mars 2016, við útfærslu skipulagsáætlananna, enda hefur ekki verið mótuð sérstök stefna um uppbyggingu mannvirkja sem tengast ferðapjónustu innan þjóðlendna.

Ráðuneytið bendir á að á fyrirhuguðu skipulagssvæði eru jarðmyndanir, sem njóta verndar 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þ.e. gervigígar, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum. Þá liggur svæðið nálægt svæði á náttúruminjaskrá, svæði nr. 731, þ.e. Gjánni, sem er sérstætt gljúfur með athyglisverðum bergmyndunum og fossum í Fossá, ásamt 100 metra breiðu belti meðfram ánni. Um er að ræða vinsælt útvistarsvæði og merkar söguminjar eru jafnframt á svæðinu.

Að mati ráðuneytisins hvílir rík skylda á sveitarfélagini að gera grein fyrir áhrifum skipulagsáætlunarinnar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og mati á umhverfisáhrifum áætlunarinnar, skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, ef við á sbr. ákvæði 2.7 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Loks bendir ráðuneytið á að mögulega fellur framkvæmdin undir tölu 12.05 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ef svo er þarf að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Haft var samráð við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Fyrir hönd ráðherra

Páll Þórhallsson
Páll Þórhallsson

Sigurður Örn Guðleifsson